



Fregnir

Soroptimistasamband Íslands 47. árg. sept. 2021 nr. 125





HVATNING SOROPTIMISTA

Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

MARKMIÐ SOROPTIMISTA

Að vinna að bættri stöðu kvenna.
Að gera háar kröfur til siðgæðis.
Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

SOROPTIMISTAR SKULU BEITA SÉR FYRIR:

Að veita þjónustu í heimabyggð,
heimalandi og á alþjóðavettvangi.
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku
hvarvetna í þjóðfélaginu.



Ritnefnd: Sigríður Inga Sigurðardóttir, Halla Björg Baldursdóttir
ritstjóri, Margrét Helgadóttir og Jóna Kristbjörnsdóttir

Fregnir er mál gagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is
Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í næsta blað Fregna.

Vinsamlegast sendið efni á netfangið fregnir@soroptimist.is

Forsíðumynd: Halla Björg Baldursdóttir
Baksíðumynd: Svanhildur Eiríksdóttir

Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@kompanhonnun.is

Kæru systur,

Haustblað Fregna árið 2021 er helgað eitt hundrað ára afmæli Soroptimistasamtakanna. Af því tilefni er saga samtakanna rifjuð upp og er áhugavert að lesa um það hvernig starfsemin hefur þróast og eflst í tímans rás. Sagan segir okkur líka hversu mikilvægt það er að halda merkjum Soroptimista á lofti og sífellt leita leiða til að bæta heiminn og bæta líf kvenna og stúlkna. Nýlegar fréttir frá löndum nær og fjær sýna svo ekki er um villst að slíkt gerist ekki af sjálfu sér og lítið þarf til að bakslag verði.

Síðastliðið vor, í tilefni afmælisins, voru íslenskir Soroptimistar hvattir til að planta trjám í sinni heimabyggð. Ritnefnd vissi að margir klúbbar hefðu orðið við þessari hvatningu þannig að þegar við vorum að undirbúa blaðið óskuðum við eftir því að klúbbar sendu okkur myndir frá þessu framtaki. Alls sendu níu klúbbar okkur texta og myndir þannig að blaðið er að þessu sinni óvenjulega mikið myndskreytt.

Þau tíðindi urðu á dögum að Hafdís Karlsdóttir úr Kópavogsklúbbi var kjörin í embætti forseta Evrópusambands Soroptimista, fyrst íslenskra Soroptimista. Við í ritnefnd erum afar stoltar af þessum árangri og birtum í blaðinu ítarlegt viðtal við Hafdís.

Ýmislegt fleira fróðlegt og skemmtilegt er að finna í blaðinu, m.a. frásögn Natalíu Wojdat, þátttakanda í „Leadership Academy“ sem tyrkneskir Soroptimistar héldu á netinu í júlí síðastliðnum.

Forsíðumyndin að þessu sinni er nærmynd af smára, þessari litlu jurt sem vex víða á Íslandi og við gefum oftast svo lítinn gaum. Reyndar vitum við að fjögurra blaða smári boðar lukku og margar okkar lærðu á yngri árum að hnýta kransa úr smárum. Þegar þetta er skrifað erum við vonandi laus úr klóm farsóttarinnar og þetta hversdagslega blóm minnir okkur á að huga að litlu hlutunum, njóta stundarinnar og vera Soroptimistar alla daga.

Nú er vetrarstarfið að hefjast í klúbbunum, spennandi verkefni framundan og haustþing handan við hornið. Við vonum að veturinn verði ykkur mildur og gjöfulegur. Njótið blaðsins.

Ritnefnd

Kæru systur,

„Bætum heiminn - breytum heima“ er eitt af kjörorðum okkar Soroptimista en yfirmarkmið okkar er að „við stöndum með konum“. En hvað þýðir þetta og hvernig getum við hver og ein og saman í klúbbunum uppfyllt þessi markmið?

Eftir að ég hóf störf sem boðunarkona Soroptimista um mitt ár 2019 hef ég komist að raun um hversu mikilvæg vinátta, samstarf og skýr markmið eru í öllu okkar starfi. Grunnur að góðum samskiptum er virðing og vinátta og starfandi í alþjóðlegum samtökum eins og Soroptimistar eru, verðum við að hafa þetta tvennt að leiðarljósi. Ég hef verið svo lánsöm sem boðunarkona að kynnast systur um allt land sem þyrstir í að fá góðar upplýsingar, hugmyndir að leiðum til að auka sýnileika okkar og að verkefnum sem valdefla, hvetja og liðsinna konum og stúlkum bæði í heimabyggð og einnig annars staðar.



Fundur með systur frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku: T.v. María Björk Ingvadóttir, Esther Sjoström (S), Mihaela Aquelius (S), Veslemöy Klingsheim (N), Ulla Madsen (D), Eva Skårner (S)

En til þess að geta starfað sem boðunarkona þarf gott bakland. Það hef ég fengið innan úr klúbbnum mínum á Akureyri, í stjórn Landssambandsins en ekki síður í 20 kvenna hópi boðunarkvenna í Evrópu sem hefur haldið hópinn síðan við hittumst fyrst í Aþenu í febrúar 2019. Síðast en ekki síst ber að nefna hóp okkar Norðurlandasystra sem virðumst eiga meira sameiginlegt þegar kemur að sýn, gildum og verkefnum en okkur grunaði fyrirfram. Þessi hópur, ásamt systur frá Grikklandi og Belgíu, hefur haldið hópinn nú í tvö ár, mest á netinu, jafnvel haldið hattakvöld saman, hlegið, spjallað, skeggrætt og nú síðast hittumst við í Malmö í lok ágúst þar sem við náðum loks að eyða nokkrum dögum saman. Ómetanleg samvera og dýrmæt vinátta.

Við boðunarkonur höfum frá upphafi lagt okkur fram um að móta sameiginlega sýn og stefnu um hvernig boðunin getur best farið fram, hvernig við getum styrkt hverja aðra og deilt leiðum og verkefnum, þvert á landamæri. Eftir að Covid-19 dundi yfir heiminn hefur margt breyst, sumt til hins betra, annað farið á verri veg. Boðleiðir hafa styst, fundum okkar boðunarkvenna fjölgað, kynnin aukist, vináttan styrkst og við eigum þess vegna auðveldara með að tala einni og sterkari röddu. Ekki má draga úr hvatningu Soroptimistasambands Evrópu en við berum allar von í brjósti um enn skýrari stefnu þegar okkar Hafdís Karlsdóttir tekur við.



Boðunarkonurnar Veslemöy frá Noregi - Eva frá Svíþjóð - María Björk frá Íslandi

Ekki er hægt að líta framhjá því hvað klúbbastarfar okkar hefur gjörbreyst, samvera og nánd minnkað og verkefni dregist saman, jafnvel ber á minni áhuga margra Soroptimista til að halda starfinu áfram. Þetta veldur okkur áhyggjum. Við þessu þarf að bregðast og það þarf að hlusta á systur en einnig að óska eftir góðu samtali um hvað sé til ráða. Þá er gott að fara yfir hvað það er sem tengir okkur allar saman sem fjöldahreyfingu 34.000 kvenna í Evrópu og 650 kvenna á Íslandi, já og allrar hreyfingarinnar á heimsvísu.

Soroptimistar aðstoða við að móta og hrinda í framkvæmd verkefnum sem hafa að markmiði að bæta líf kvenna og stúlkna um allan heim og mæta áskorunum sem eru hnattrænar í eðli sínu en kalla á að unnið sé í samræmi við staðbundnar aðstæður á hverjum tíma. Soroptimistar láta raddir kvenna og stúlkna heyrast um heim allan með því að veita sveitarstjórnur og ríkisstjórnur virkt aðhald. Verkefni og boðun þurfa að haldast í hendur og aldrei eins og nú þurfum við að beina sjónum okkar að nýjum og ögrandi verkefnum sem heimurinn stendur frammi fyrir, konum á flóttu, fjölgun flóttamanna, ekki síst í Evrópu. Konur sem þurfa að flyja heimili sín, land og æða með börn út í óvissuna. Hvað ætlum við Evrópubúar að gera, hvernig ætla Soroptimistar að hjálpa? Árið 2019 vorum við með augun á mansali, árið 2020 beindist athyglin að ofbeldi á heimilum á Covid-tímum, nú verðum við að aðstoða kynsystur okkar á flóttu.

Það þýðir samt ekki að við þurfum ekki áfram að uppræta ofbeldi gegn konum, stuðla að menntun kvenna og stúlkna til forystu, efla konur til atvinnuþátttöku, leggja bættu aðgengi kvenna og stúlkna að heilbrigðisþjónustu og sæmandi lífskjörum lið eða leggja rækt við umhverfismál og stuðla að sjálfbærni. Með þessum pistli vil ég hvetja alla klúbba á Íslandi til að huga að verkefnum vetrarins í síbreytilegum heimi um leið og boðunin er tekin fyrir. Við eigum að hafa að minnsta kosti 20 boðunarkonur á Íslandi, eina í hverjum klúbbi sem tekur að sér ásamt verkefnastjórnunum að koma gildum okkar á framfæri í sínu nærumhverfi, en einnig með því að skrifa í blöð, bjóða sig fram til að kynna klúbbinn og verkefni okkar hvar sem tækifæri býðst. Ég þreyst ekki á að minna á að við eigum að ganga með næluna okkar hvar sem er, læra að svara fólki þegar það spyr hvað Soroptimisti er og brydda upp á umræðu um málefni kvenna og stúlkna þegar tækifæri býðst.

Við erum allar boðunarkonur!

Gerum veturinn áhugaverðan, hvetjum systur sem eru tvístígandi um framhaldið, sýnum frumkvæði að verkefnum, horfum hátt og bætum heiminn fyrir konur.

María Björk Ingvadóttir
Annar varaforseti Soroptimistasambands Íslands og
boðunarkona



AÐ GERA HEIMINN BETRI

fyrir konur og stúlkur

Í ár halda Soroptimistar upp á 100 ára afmæli samtakanna. Það er því ekki úr vegi að rifja upp hvernig samtökin urðu til.

Það var árið 1921 sem Stuart nokkur Morrow var á fullu að undirbúa stofnun nýs Rótarý-klúbbs í Kaliforníu. Hann hringdi í Parker-Goddard Secretarial School í þeirri vissu að skólinn væri rekinn af körlum. Honum til mikillar undrunar reyndust eigendur skólans vera konur og því ekki gjaldgengar í klúbbinn sem var bara fyrir karla. Adelaide Goddard, eigandi skólans sem svaraði símtali Stuarts, tilkynnti honum einfaldlega að svo lengi sem ekki væri pláss fyrir konur í svona samtökum hefði hún ekkert við hann að tala. En Stuart var klókur karl og sá sér leik á borði að stofna bara hliðstæð kvennasamtök með svipuð markmið og Rótarý þar sem Rótarý var bara fyrir karlmenn. Þannig varð Soroptimistahreyfingin til þann 3. október 1921 og úr varð mjög blómlegt félagsstarf sem síðan hefur breiðst um heiminn. Fyrstu klúbbarnir í Evrópu voru stofnaðir 1924.

Hreyfingin kom til Íslands þann 19. september 1959 þegar Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur var stofnaður. Að stofnun klúbbsins stóðu 18 konur sem flestar voru frumkvöðlar í sínum störfum. Í dag starfa hér 19 klúbbar víðs vegar um landið með um 600 konum.

STYÐJUM ÞOLENDUR OFBELDIS

Veljum að vaxa eru kjörorð Guðrúnar Láru Magnúsdóttur forseta Soroptimistasambands Íslands stjórnartímabilið 2020-2022 og ná þessi orð bæði til mannræktar og umhverfismála innan og utan klúbbanna. Hver klúbbur vinnur sem ein heild að verkefnum sem efla konur og stúlkur, s.s. sjálfstyrkingu ungra kvenna, menntun kvenna, stuðning við verðandi mæður og mæður með geðheilsuvanda. Samtökin hafa lagt áherslu á aðstoð við konur sem eru þolendur ofbeldis og má þar t.d. nefna að íslenskir Soroptimistar hafa stutt við Kvennaathvarfið, Bjarkahlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis - og Sigurhæðir sem er nýopnað úrræði á Selfossi fyrir konur sem eru þolendur kynbundins ofbeldis. Einnig má nefna ýmiss konar aðstoð við konur af erlendum uppruna.

UMHVERFISMÁL OG SJÁLFBÆRNI

Mikilvægur armur starfseminnar er verndun umhverfis og náttúru sem hefur orðið viðfangsefni margra klúbba sem hafa tekið að sér gróðurreitir eða farið í hreinsunarferðir í nærumhverfi sínu.

Haldið er upp á aldarafmælið á alþjóðavísu og er þessum tímamótum fagnað á ýmsa vegu, m.a. með því að gróðursetja trjáplöntur víða um landið.

Þann 19. júní, kvenréttindadaginn, gróðursetti forseti Soroptimistasambandsins ilmreyni í trjásafninu í Meltungu í Kópavogi. Er það táknrænt og vel við hæfi þar sem Soroptimistahreyfingin hefur



látið umhverfismál og sjálfbærni til sín taka í sínu starfi. Klúbbar víðs vegar um landið hafa séð um gróðursetningu í sínu nærumhverfi. Tilgangur gróðursetningarátaksins var að vekja athygli á samtökunum hér á landi og þeim fjölmörgu verkefnum sem íslenskir klúbbar vinna að. Þennan sama dag afhenti Soroptimistasambandið og klúbbar hreyfingarinnar Líf styrktarfélagi kvennadeildar Landspítalans styrk til að bæta aðbúnað og þjónustu.

SOROPTIMISTAR OG HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Alþjóðasamband Soroptimista hefur nán tengsl við stofnanir Sameinuðu þjóðanna enda falla markmið Soroptimista vel að markmiðum SP sem eru friður, skilningur meðal þjóða heimsins og stuðningur við mannréttindi. Auk þess að eiga ráðgjafaaðild að stofnunum SP hafa Soroptimistar sett þrjú heimsmarkmiðanna í forgang í starfi sínu. Markmiðin eru að tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi; jafnrétti kynjanna verði tryggt og staða allra kvenna og stúlkna styrkt; og að tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu.

Þátttaka okkar Soroptimista í ýmsum atburðum tengist heimsmarkmiðunum og má í því sambandi nefna þátt í atburðum 8. mars, alþjóðlegum baráttudegi kvenna, til að vekja athygli á valdeflingu kvenna, kynjajöfnuði, menntun og forystu. Einnig taka klúbbar, ásamt mörgum kvennasamtökum, þátt í árlegu 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem

stendur yfir frá 25. nóvember til 10. desember en sá dagur er jafnframt mannréttindadagur Sameinuðu þjóðanna og dagur Soroptimista.

LEIÐTOGAFÆRNI OG TENGLANETIÐ

Soroptimistum er í mun að efla ungar konur og því hafa norrænir Soroptimistar undanfarin ár staðið fyrir leiðtoganámskeiði (Soroptimist Nordic Leadership Academy) sem haldið er til skiptis á Norðurlöndunum. Markmið námskeiðsins er að efla leiðtogafærni ungra kvenna á aldrinum 20-30 ára, undirbúa þær undir hugsanlegar stjórnunarstöður og efla tengslanet þeirra. Hafa þessi námskeið reynst mjög vel og ungu konurnar sem tekið hafa þátt í þeim eflst mjög eftir að þær koma heim.

Soroptimistahreyfingin telur nú um 72.000 konur um víða veröld og með þátttöku í hreyfingunni gefst konum kostur á að efla tengslanet sitt, kynnast konum með ólíkan bakgrunn og starfssvettvang sem allar vinna að sömu markmiðunum, hver með sínum hætti.

Þó margt hafi áunnist á þessum 100 árum frá því Stuart karlinn hringdi þetta örlagaríka símtal þá er leiðarljósið það sama – að gera heiminn betri fyrir konur og stúlkur.

Ásgerður Kjartansdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir

Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur

Greinin birtist upphaflega í Morgunblaðinu 13.07.2021 og birtist hér nokkuð breytt

100 ÁRA AFMÆLI

ALÞJÓÐASAMBANDS SOROPTIMISTA 2021

Á þessum tímamótum er ekki úr vegi að rifja upp sögu samtakanna okkar sem hófst fyrir hundrað árum.

Í fyrri heimstyrjöldinni þurftu konur að rísa upp og láta að sér kveða og ganga í störf karlmanna sem gegndu herþjónustu. Eftir að fyrri heimstyrjöldinni lauk voru margar konur í lykilstöðum í samfélaginu en skorti vettvang til að láta að sér kveða. Árið 1921 var fyrsti Soroptimistaklúbburinn stofnaður með áttatíu konum í Oakland í Kaliforníu. Þremur árum síðar voru fyrstu klúbbarnir stofnaðir í Evrópu, í London og París.

Dr. Suzanne Noël, sem var lækni að mennt, átti stóran þátt í að breiða út soroptimistahugsjónina og samtökin á fyrstu árum þeirra fram til 1930 en á þeim tíma breiddist hreyfingin til Kanada og um alla Evrópu.

Á árinu 1929 urðu til heimshluta-samböndin tvö, Ameríkusambandið og Evrópusambandið. Bretar klufu sig svo út úr Evrópusambandinu 1934 og stofnuðu bresk-írsk sambandið sem varð þriðja heimshlutasambandið. Það varð svo árið 1978 að fjórða heimshlutasambandið varð til en það eru klúbbar á Suðvestur-Kyrrahafssvæðinu.

Soroptimisminn hafði smátt og smátt náð fótfestu á Norðurlöndunum þegar nálgast miðja 20. öldina. Fyrst var stofnaður klúbbur í Osló árið 1933 og ári seinna í Bergen. Með tvo klúbba var hægt að stofna norska landssambandið en það var gert árið 1939. Árið 1938 var danska landssambandið stofnað og árið 1950 var sænska landssambandið stofnað með tveimur klúbbum, Stokkhólmsklúbbnum og Uppsalaklúbbnum, sem stofnaðir höfðu verið árin 1948 og 1949. Fyrsti klúbburinn var stofnaður í Finnlandi 12. maí 1952 og ári síðar var finnska landssambandið stofnað.

Hugsjón Soroptimista kom formlega til Íslands með stofnun fyrsta klúbbsins, en það var þó búið að kynna samtökin hér á landi strax árið 1955. Dora S. Lewis, vestur-íslensk kona, vakti mikla athygli þegar hún kom það ár til landsins til að heilsa upp á skyldmenni sín en hún var í bandarískri sendinefnd sem var að kynna sér húsmæðrafræðslu í Evrópu. Birtust viðtöl við hana í dagblöðum og einnig var fjallað um hana í Lögbergi-Heimskringlu.

Fyrsti Soroptimistaklúbburinn á Íslandi var stofnaður þann 19. september 1959, en það var Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur. Á stofnfundinum voru 18 konur og má segja að þær hafi rutt brautina fyrir þá klúbba sem á eftir komu. Á fimmtíu ára afmæli klúbbsins var gefin út bókin Samtaka systur, sem segir sögu klúbbsins og samtakanna hér á Íslandi.

Klúbbur Hafnarfjarðar og Garðabæjar var svo stofnaður 14 árum síðar eða 26. maí 1973.

Eftir það fór Soroptimistaklúbbum að fjölga á Íslandi og yngsti klúbburinn, á Tröllaskaga, var stofnaður 17. okt. 2015. Núna eru 19 klúbbar starfandi á Íslandi og í þeim um 650 systur.

Árið 1974 var Soroptimistasamband Íslands stofnað og fyrsti forseti þess var Halldóra Eggertsdóttir úr Reykjavíkurklúbbnum 1974-1976. Hver forseti starfar í tvö ár. Núverandi forseti er Guðrún Lára Magnúsdóttir í Soroptimistaklúbbnum við Húnaflóa.

Soroptimistar á Íslandi hafa unnið mörg góð verk í gegnum tíðina en fyrstu árin voru þau verkefni öll unnin í hljóði og enginn vissi hvað þessi samtök stóðu fyrir. Í dag er þetta breytt. Soroptimistar vilja vera sýnilegir og vinna að bættri stöðu kvenna og stúlkna um allan heim.



100 ára



Alþjóðasamband Soroptimista starfar með ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna og öðrum frjálsum félagasamtökum.

Soroptimistar eiga ráðgefandi fulltrúa með málfrelsi hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna í New York, París, Genf, Róm og Vín.

Markmið Soroptimista eru þau sömu og markmið Sameinuðu þjóðanna; friður, skilningur meðal þjóða heimsins og stuðningur við mannréttindi.

Alþjóðasamband Soroptimista á ráðgjafaraðild að Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Ráðgjafaraðild gefur ómetanleg tækifæri til þess að taka þátt í fundum og ná sambandi við fulltrúa stjórnvalda, önnur frjáls félagasamtök og við embættismenn Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega í málefnum sem tengjast stöðu kvenna.

Hlutverk fulltrúa Soroptimista hjá Sameinuðu þjóðunum er:

- að fylgjast með tilteknum þáttum í starfsemi Sameinuðu þjóðanna til þess að gefa stjórn Alþjóðasambands Soroptimista (SI) nauðsynlegar upplýsingar
- að koma á framfæri verkefnum frá Alþjóðasambandinu.

Á ráðstefnu sem haldin var í Washington DC árið 1928 var nafn og merki Soroptimist International formlega samþykkt. Tvær mismunandi túlkanir eru á nafninu „sorores optime“, bestu systur, eða „sorores ad optimum“, systur sem vinna að því besta, en það er sú túlkun sem nú er notuð.

Merki samtakanna er táknrænt fyrir hugsjónir Soroptimista. Merkið var hannað af stofnfélaga í Oaklandklúbbum í Bandaríkjunum. Lárviðarlausnir eru krýning fyrir vel unnin verk en akörnin, ávöxtur eikarinnar, gefa vísbendingu um innri styrk. Merkið er unnið í bláu smelti á gylltum grunni. Litir samtakanna eru því blár og gulur.

Við erum alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd, þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á. Samtökin vinna að bættri stöðu kvenna, að mannréttindum öllum til handa sem og jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlegri vináttu og skilningi að leiðarljósi.

Við erum starfsgreinasamtök og er leitast við að hafa fulltrúa sem flestra starfsstétta til að fá sem breiðastan hóp. Skuldbindingar eru um að mæta á að minnsta kosti helming félagsfunda, sem eru einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina, borga félagsgjöld og taka þátt í starfi klúbbsins.

Margt hefur breyst frá stofnun samtakanna, við t.d. vinnum ekki lengur verkin í hljóði heldur látum vita af verkum okkar. Við Soroptimistar á Íslandi höfum unnið mörg öflug og góð verk en nýjasta verkefnið sem hefur vakið mikla athygli er verkefni systra á Suðurlandi, Sigurhæðir.

Í fyrsta sinn í sögu Soroptimista á Íslandi eigum við næsta Evrópuforseta og erum við stoltar af Hafdísí Karlsdóttur sem við óskum velfarnaðar í því starfi.

Við hlökkum til að fagna með ykkur 100 ára afmælinu á Laugarbakka helgina 1. til 3. október næstkomandi.

Afmælisnefndin

Alma Guðmundsdóttir, Guðrún Bragadóttir, María Björk Ingvadóttir, Þórunn Hálfðanardóttir og Þórdís Björnsdóttir

(Heimildir; unnið af vef Soroptimista,

<https://soroptimist.is/index.php/um-okkur>)



Jákvæða HORNID

Nú þegar veturinn er að hefja inngöngu sína þá eiga margir erfitt – mörgum finnst þessi tími erfiður þegar myrkrið tekur yfir ljósið. Þess vegna ætla ég að tala um ljósbera sem mig langar að kalla engla ljóssins. Þessir englar hafa sterka nærveru sem við finnum fyrir ef við erum tilbúin að hleypa þeim að okkur. Þetta eru áhrifavaldar, þeir hafa jákvæð áhrif á okkur og um leið verðum við betri útgáfa af sjálfum okkur.

Á lífsleiðinni hittum við marga engla og ólíka og þeir hafa mismikil áhrif á okkur. Einn þeirra gæti verið strætóbílstjórinn sem býður brosandí góðan dag eða glaðlegur vinnufélagi.

Ég gæti nefnt fjölmarga engla sem hafa orðið á mínum vegi. Frá sumum þeirra stafar enn skært ljós en frá öðrum tilheyrir skíman minningum frá liðnum tíma.

Tveir eru þeir englar sem hafa baðað líf mitt ljósum allt frá því að ég man fyrst eftir mér. Ljósið þeirra er samofið og ég er svo heppin að ég fæ enn að njóta samvasta við þessa engla. Ég er að tala um afa minn og ömmu, sem bæði eru á tíræðisaldri í dag. Þau hafa verið sannkallaðir englar ljóssins í mínu lífi og fyrir það er ég óendanlega

þakklát. Afi minn, þessi mikli ljósberi, hefur reyndar á köflum átt erfitt með að sjá það ljós sem lífið býður upp á og það hefur oft verið átakanlegt að horfa upp á þennan stóra kyndil eiga erfiða daga.

Þegar ég var að hugsa um þetta um daginn og undirbúa mig fyrir að standa hér í dag þá rann upp fyrir mér - að ég get líka verið engill ljóssins. Ég finn til dæmis að þegar það líða nokkrir dagar á milli þess að ég heimsæki afa minn þá hringir hann í mig ... bara svona til athuga hvenær ég komi næst. Ég finn að barnabörnum mínum er ég ljósberi, ljósberi sem nennir að sulla með vatn, fara út að skoða gröfur og kaupi stundum kókómjólki og horn í bakaríinu.

Höfum það hugfast - kæru systur - í dag sem og alla daga að við erum englar ljóssins. Mig langar til að hvetja okkur allar til að vera duglegar í vetur að gleðja hug og hjörtu þeirra sem okkur þykir vænt um, þeirra sem hafa reynst okkur vel og hafa hvatt okkur áfram til góðra verka, þeirra sem hafa verið englar ljóssins fyrir okkur.

Systur, látum ljósið okkar skína í vetur.

Erindi flutt á klúbbfundi 19. september 2021

Kristín Helga Ólafsdóttir

Soroptimistaklúbbi Kópavogs





100 ára afmæli Soroptimista og gróðursetning í tilefni afmælisins

GUNNFRÍÐAR- STAÐASKÓGUR

Þriðjudaginn 15. júní mættu systur í blíðskaparveðri í Gunnfríðarstaðaskóg og plöntuðu 60 grenitrjám í svokallaðri Kvinnabrekku undir styrki stjórn Páls Ingþórs frá Skógræktarfélagi A-Húnvetninga.

Miðvikudaginn 16. júní mættu systur svo í land Saura í Húnaþingi vestra. Með dyggri aðstoð Daníels frá Skógræktarfélagi V-Húnvetninga voru gróðursettar 105 bakkaplöntur, aspir.

Þessi háttur var hafður á gróðursetningunni vegna þess hve stórt starfssvæði klúbbsins er og engin leið að gera upp á milli þessara góðu skógræktarféлага.

Það var reglulega gaman að taka þátt í þessu verkefni í tilefni afmælisins.

*Magdalena Berglind Björnsdóttir,
Formaður Soroptimistaklúbbs við Húnaflóa*





100 ára afmæli Soroptimista og gróðursetning í tilefni afmælisins

Soroptimistaklúbbur Akureyrar gróðursetti plöntur laugardaginn 19. júní 2021 Þær voru settar í fallegan reit að Hálsi í Eyjafjarðarsveit

Myndir og texti: Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir
Soroptimistaklúbbi Akureyrar



Komnar fram í Háls.
Ragnheiður formaður með plönturnar.



Lagt af stað á svæðið okkar no. 37,
Eyrún, Sigríður María, Martina og Lára,
Ragnheiður Ólafs og Debbie.



Debbie að kenna okkur að nota
„geyspurnar“.
Sigríður María fylgist vel með.



Glaðar systur að loknu góðu verki.



Ragnheiður Ólafs kíkti á
litlu sætu plönturnar okkar
þann 14. ágúst.



Hún sagði: „Jemundur gamli hundur,
þær dafna svo vel“.



100 ára afmæli Soroptimista og gróðursetning í tilefni afmælisins



GRÓÐURSETT Á HÓLUM Í HJALTADAL 2021

Þriðjudaginn 22. júní mættu Skagafjarðarsystur í ágætis veðri, en blautu, í Hólaskóg og plöntuðu 200 birkitrjám í Systralund undir styrkri stjórn Erlu Bjarkar rektors og systur. Að gróðursetningu lokinni fóru systur og skoðuðu tré sem klúbburinn gróðursetti fyrir um 30 árum síðan og var virkilega gleðilegt að sjá hversu vel sá lundur hafði dafnað og gaman að sjá himinhá trén.

Því næst fóru systur út að borða á Kaffi Hólum og nutu dýrindis veitinga og góðrar samveru. Það var reglulega gaman að taka þátt í þessu verkefni í tilefni afmælisins.

Sigríður Svavarsdóttir
Soroptimistaklúbbi Skagafjarðar





100 ára afmæli Soroptimista og gróðursetning í tilefni afmælisins



ÁRBÆJARKLÚBBURINN ER ORÐINN 40 ÁRA

Fyrir um 30 árum síðan tók klúbburinn að sér lítinn mel austan megin við Selásbrautina í Árbæ, hóf að planta trjám, leggja stíga og rækta upp svæðið. Í dag er þetta fallegur lundur og á hverju ári er hreinsunardagur í lundinum okkar.

Í vor tókum við inn tvær nýjar systur og til heiðurs þeim plöntuðum við tveimur litlum birkihríslum sem við munum fylgjast með vaxa og dafna.

Myndirnar eru teknar á hreinsunardeginum í vor og við gróðursetningu þessara birkitrjáa sem fengu nafnið litla Þóra og litla Hildur.

Það er viðeigandi að á 40 ára afmælisárinu erum við nú orðnar 40 systur og við ætlum að velja að vaxa. Hlökkum til að hitta ykkur á haustfundinum á Laugarbakka.

Sigrún Arnardóttir

Formaður Soroptimistaklúbbs Árbæjar





100 ára afmæli Soroptimista og gróðursetning í tilefni afmælisins

GRÓÐURSETJUM TRÉ FYRIR BJARTA FRAMTÍÐ

Á kvenréttindadegi Íslands, laugardaginn 19. júní síðastliðinn, skunduðu nokkrar systur í Soroptimistaklúbbsi Hafnarfjarðar og Garðabæjar ásamt þremur öflugum mökum og tveimur yndislegum „afleggjurum“ (börnum) í okkar gróðursetningarferð. Förlinn var heitið að Gestsstaðavatni sem er lítið vatn í landi Krýsuvíkurheimilisins. Þar gróðursettum við 42 stk. af blönduðum tegundum trjáplantna og að auki stálpað tré sem ein systir okkar kom með úr eigin garði. Þetta gerði samtals eina plöntu fyrir klúbbinn og sérhverja klúbbsystur og að auki tréð fyrir Krýsuvíkurheimilið sjálft. Plönturnar fengum við hjá velunnurum okkar í Gróðrarstöðinni Pöll í Hafnarfirði.



- Mikið og gott þakklæti til þeirra.

Eftir vel unnin störf í kalsasömu veðri og rigningu þáðum við hádegisverðarboð í Krýsuvík, gómsæt og heit kjötsúpa rann ljúflega niður sem yljaði köldum og blautum vinnumönnum. Síðast en



ekki síst fengum við svo í kaupbæti leiðsögn um húsakynni Krýsuvíkurheimilisins ásamt góðu spjalli og upplýsingum um starfsemina.

Svo sannarlega góður dagur, því þó svo regn og kalsasamt veður hafi leikið um okkur systur í Soroptimistaklúbbsi Hafnarfjarðar og Garðabæjar þennan dag þá er einstaklega gott á dögum eins og þessum að vera í félagsstörfum. Að vinna við verkefni sem þessu breytir bleytu, kulda og trekki í innri hlýju sem endurnærir og gleður.

Sigrún Guðmundsdóttir

Formaður Soroptimistaklúbbs Hafnarfjarðar og Garðabæjar





100 ára afmæli Soroptimista og gróðursetning í tilefni afmælisins



Í TILEFNI 100 ÁRA AFMÆLIS ALÞJÓÐASAMBANDS SOROPTIMISTA

Árið 1983 fékk Soroptimistasamband Íslands úthlutað land í Hrossabrekkum í Heiðmörk. Jóhanna Pálsdóttir, Keflavíkurklúbbi, var þá Landssambandsforseti og var ákveðið að gera gróðursetningu að árvissum viðburði.

Vigdís Einarsdóttir, Bakka- og Seljaklúbbi, tók að sér verkefnastjórn umhverfismála 1984-86 og í skýrslu frá 1993 er sagt frá því að sex klúbbar hafi sameinast í upphafi um að gróðursetja 50 stórar aspir og 50 grenitré (10 ára gömul) í nýja lundinum. Í byrjun júní ár hvert mættu svo systur úr hinum ýmsu klúbbum og héldu áfram að gróðursetja tré af fjölbreyttum gerðum.

Í mörg ár aðstoðaði Skóg- ræktarfélag Reykjavíkur okkur með því að gefa okkur plöntur, lána verkfæri og útbúa bílastæði inn á svæðið.

Upphaflega voru markmið verkefnastjóra Lands- sambandsins ekki eingöngu falin í gróðursetningu heldur öllu er varðaði umhverfismál, skaðlegan útblástur og loftmengun frá bílum og verksmiðjum. Þá stóðu systur einnig fyrir því að yfirvöld létu fjarlægja ónýta bíla og fleira rusl úr sínum heimabyggðum. Minnisstætt er eitt verkefnið sem hafði slagorðið „Tyggjó í fötu en ekki á götu“ sem bar mikinn árangur.

Árið 2011 þegar Soroptimistasamtökin voru 90 ára var íslenska Landssambandið „mentor“ fyrir Landssambandið í Litháen, þ.e. eldra samband sem er til stuðnings og aðstoðar við yngra samband. Forseti sambandsins í Litháen var þá Nijole Netiksiene og fyrrverandi forseti

íslenska sambandsins, Guðrún Erla Björgvinsdóttir, var tengiliður við Litháen. Ákváðu þær í sameiningu að gróðursetja níu tré í tilefni afmælisins, eitt fyrir hvern áratug. Í Heiðmörk komu systur úr fjórum klúbbum saman og gróðursettu níu íslensk ilmreynitré en systur í Litháen gróðursettu níu eikartré í lundi sínum í Vilnius.

Vigdís Pálsdóttir og Guðrún Erla úr Bakka- og Seljaklúbbi tóku að sér að vera á vaktinni þetta sumar, því systur í Litháen vildu fá fréttir reglulega af því hvernig trén döfnuðu. Mikill þurrkur var á þessum tíma sem leiddi til þess að þær Vigdís og Guðrún Erla fóru nánast vikulega með tvo tíu lítra plastbrúsa og vökvuðu trén. Þær gáfu þeim

líka nöfn þannig að þær gætu látið hvor aðra vita hvernig trén hefðust við. Nöfnin voru tekin úr barnabókum, s.s. Mjallhvít, Þyrnirós, Litli prinsinn og svo frv.

Í byrjun júní 2021 fóru systur úr Bakka- og Seljaklúbbi ásamt mökum og gróðursettu 10 tré í tilefni 100 ára afmælis Alþjóðasambands Soroptimista. Einnig máluðu þær bekkinn og borðið. Eitt tré gróðursettu þær að auki til minningar um Vigdís Einarsdóttur sem lét sér svo annt um lundinn. Við systur í klúbbnum studdum hana ætíð í þeirri vinnu og höfum þess vegna allar götur síðan haft metnað í að halda svæðinu vel hirtu og fallegu.

*Guðrún Erla Björgvinsdóttir (texti) og
Vigdís Pálsdóttir (myndir)
Soroptimistaklúbbi Bakka og Selja*



100 ára afmæli Soroptimista og gróðursetning í tilefni afmælisins

GRÓÐURSETJA 100 TRÉ Á 100 ÁRA AFMÆLI

Soroptimistaklúbbur Keflavíkur gróðursetti á stofndegi klúbbsins 5. júní sl. alls 100 tré í Njarðvíkurskógum í tilefni af 100 ára afmæli Soroptimista. Klúbburinn er fyrstur félagasamtaka til þess að fá úthlutað reit í skóginum til gróðursetningar, að sögn Berglindar Ásgeirsdóttur skrúðgarðyrkjumeistara hjá Reykjanesbæ, en uppbygging skógarins hefur verið í höndum Reykjanesbæjar og Skógræktarfélags Suðurnesja, sem eru samstarfsaðilar Soroptimistaklúbbs Keflavíkur við gróðursetninguna. Auk uppgræðslu gróðurs hafa útvistar- og leiksvæði verið gerð í skóginum ásamt gróðurkössum þar sem íbúum gefst kostur á að rækta eigin matjurtir. Fleiri félagasamtök hafa list áhuga á að gróðursetja í Njarðvíkurskógum.



Eitt af verkefnasviðum Soroptimista eru umhverfismál og líkt og hjá systurum í Kaliforníu hefur gróðurrækt verið áberandi í starfsemi klúbbanna. „Systur í Keflavíkurklúbbi hafa lengi gróðursett í lundi við Voga en nú höfum við ákveðið að færa okkur um set í Njarðvíkurskóga og taka þátt í uppbyggingu þar. Með gróðursetningunni viljum við Keflavíkursystur ekki aðeins minnst tímamótanna í starfsemi Soroptimista heldur taka þátt í uppbyggingu skóglendis og grænna svæða í okkar samfélagi sem er ekki síður mikilvæg fyrir kolefnisbindingu í nálægð við alþjóðaflugvöll,“ segir Svanhildur að lokum.

Greinin birtist í Víkurfréttum 12. júní 2021

Að sögn Svanhildar Eiríksdóttur formanns Soroptimistaklúbbs Keflavíkur var fyrsti soroptimistaklúbburinn í heiminum stofnaður í Oakland í Kaliforníu í október 1921. „Í klúbbnum voru 80 konur en Soroptimistar eru alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á. Fyrsta verkefni Soroptimista var að bjarga rauðviði sem hafði næstum verið útrýmt og síðan hefur gróðursetning rauðviðar verið eitt af verkefnum Soroptimista í Kaliforníu. Í tilefni af 100 ára afmælinu hefur Soroptimistahreyfing mælt til þess að allir klúbbar gróðursetji tré til þess að minnst tímamótanna, en að sjálfsögðu var ætlunin að halda upp á tímamótin með miklum veisluhöldum í Kaliforníu. Kórónuveirufaraldurinn kom hins vegar því miður í veg fyrir það,“ segir Svanhildur.





100 ára afmæli Soroptimista og gróðursetning í tilefni afmælisins



VELJUM AÐ VAXA

Á þessu ári halda Soroptimistar upp á 100 ára árstíð alþjóðasambands Soroptimista. Fyrsti klúbburinn var stofnaður 1921 í Oakland í Bandaríkjunum. Eitt af fyrstu verkefnum sem Oakland-klúbburinn réðst í, á stofnári sínu, sneru að umhverfinu, til að „þjarga rauðviðnum“ – hinum miklu fornu trjám - sem voru felld miskunnarlaust. Soroptimistar beittu sér fyrir verkefninu, tóku að sér öflug timburfyrirtæki og fengu opinberan stuðning við verkefnið. Niðurstaðan var sú að meginhluti rauðviðarins var settur til hliðar í vernduðu friðlandi og stendur enn í dag; „The Redwood Grove“.

Fljótlega nú á haustdögum kom upp sú hugmynd að íslenskir Soroptimistar myndu planta trjám í sinni heimabyggð til að minnast þessara tímamóta. Kópavogsklúbburinn fékk, árið 1993, reit í Lækjarbotnum við Selfjall og hefur síðan ræktað þar upp vænan skóg. Margt hefur breyst frá því fyrst var gróðursett þarna, m.a. hefur lausagöngu búfjár verið hætt og Selfjallið allt orðið stórt skógræktar- og uppgræðslusvæði.

Við í Kópavogsklúbbi sóttum um styrk til Vorviðar til að halda áfram að planta í nýjan reit upp Selfjallið en því miður höfnuðu þeir okkur. Þá voru góð ráð dýr. Okkur var bent á að tala við Kristín H. Þorsteinsson framkvæmdarstjóra Skógræktarfélags Kópavogs og Friðrik Baldursson garðyrkjustjóra Kópavogs sem tóku hugmynd okkar afar vel og lögðu klúbbnum til 100 birki- og reyniviðarplöntur, plöntur sem við systur gróðursettum þann 14. júní síðastliðinn.

Kristinn framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Kópavogs

mætti sjálfur í Systrabotna með þrjá vinnumenn með sér, sem veittu mikla hjálp við gróðursetninguna og grisjun á „gamla svæðinu“ þar sem lúpína hafði vaxið nokkuð. Kristinn flutti skemmtilegan og fróðlegan fyrirlestur um skógrækt og urðum við margs vísari um þau mál.

Til að gera meira úr þessu kvöldi fengum við „langferðabil“ til að aka okkur systur í Lækjarbotna þar sem við fengum skátaskála Garðbúa til afnota og héldum klúbbfund eftir gróðursetninguna. Það var ákaflega skemmtilegt síðdegi og kvöld sem við soroptimistasystur áttum í Lækjarbotnum og ekki að efa að þetta svæði á eftir að vaxa. Við klúbbsystur erum ákaflega þakklátar garðyrkjustjóra Kópavogs og Skógræktarfélagi Kópavogs fyrir alla hjálp sem þeir veittu okkur svo ljúfmannlega til minnast 100 ára árstíðar Alþjóðasambands Soroptimista.

*Dóra Guðnadóttir,
Soroptimistaklúbbi Kópavogs*



100 ára afmæli Soroptimista og gróðursetning í tilefni afmælisins

Í vetur, þegar byrjað var að undirbúa gróðursetningu um allt land í tilefni af 100 ára afmæli Soroptimistasamtakanna, kom sú tillaga fram á klúbbfundum að við í Austurlandsklúbbs myndum gróðursetja okkar plöntur í skriðusvæðið á Seyðisfirði. Með því viljum við leggja okkar af mörkum til að græða þau sár sem skriðuföllin í desember 2020 skildu eftir sig.

Við undirbúning kom í ljós að jarðvegurinn er of laus í sér til að unnt sé að gróðursetja í hann strax. Því ákváðum við að kaupa frekar 700 plöntur í haust, eina plöntu fyrir hvern íbúa Seyðisfjarðar og fela einni systur okkar, Bergrúnu Örne Þorsteinsdóttur aðstoðarskógarverði á Hallormsstað, að geyma þær í vetur og gróðursetja þær síðan næsta vor.

Nokkrar klúbbsystur hittust á Seyðisfirði 19. júní, fengu eitt sitkagreni hjá „Kela hennar Lukku“, settu það í góðan pott og var þeim hjónum falið að fóstura það til vorsins. Tréð á sér nokkra sögu, því fyrir nokkrum árum þegar við systur tókum að okkur að flokka plöntur í Gróðrarstöðinni Barra í fjáröflun fyrir verkefnasjóðinn okkar, hirti Keli slatta af „munadarleysingjum“, þ.e. plöntum sem annars hefði verið hent. Okkar tré er eitt þeirra.



Eftir táknaæna athöfn í bakgarðinum hjá Lukku og Kela, var farið í gönguferð um skriðusvæðið og endað í kaffi á Hótel Öldu.

Verkefnastjórnarnir okkar þær Guðbjörg Gunnarsdóttir og Bára Mjöll Jónsdóttir, hafa síðan verið í samskiptum við skipulagsyfyrirvöld sveitarfélagsins varðandi framkvæmdina og Bergrún Arna hefur verið að vinna í að útvega plöntur og hafa umsjón með þeim. Á septemberfundum klúbbsins kom fram að Gróðrarstöðin Sólskógar á Akureyri ætla að gefa okkur þær plöntur sem



við þurfum í verkefnið. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Sveitarfélagið Múlaþing hefur síðan úthlutað okkur þremur litlum reitum þar sem við munum gróðursetja skv. skipulagi. Þessir reitir eru ekki í skriðunni sjálfri, enda verður hún ekki tilbúin fyrir gróðursetningu fyrr en eftir einhverjum ári og við viljum helst koma plöntunum í jörðina sem fyrst. Mögulega gróðursetjum við einhvern hluta plantnanna í haust, en annars næsta vor. Það veltur á veðurfari og samkomulagi við sveitarfélagið.

*Ritnefnd Soroptimistaklúbbs Austurlands
Ólöf Inga Sigurbjartsdóttir, Þorbjörg Gunnarsdóttir og
Þórunn Hálfðanardóttir*



NÝR FORSETI

EVROPUSAMBANDS SOROPTIMISTA HAFDÍS KARLSDÓTTIR Í VIÐTALI



Fregnir höfðu samband við Hafdísí Karlsdóttur í Kópavogsklúbbi í tilefni þess að hún var kjörin í embætti forseta Evrópusambands Soroptimista fyrst íslenskra Soroptimista. Hún tekur við því embætti eftir tvö ár. Við óskum henni innilega til hamingju með kjörið og óskum henni alls hins besta í því embætti.

Hvenær gerðist þú Soroptimisti? „Það var árið 1989.“

Þú þekktir Soroptimista áður, ekki satt? „Jú, síðan árið 1975 þegar mamma gerðist Soroptimisti og Kópavogsklúbburinn var vígður.“

Þú hefur gegnt mörgum embættum innan hreyfingarinnar, bæði hér heima og í útlöndum. Manstu hvert var þitt fyrsta embætti og hefur þú tölu á hvað þú hefur tekið að þér mörg embætti fyrir okkur hér heima og í útlöndum? „Ég hef í raun stöðugt verið í embætti síðan þremur mánuðum eftir að ég gerðist Soroptimisti og var fyrsta embættið verkefnastjóri mannréttinda og stöðu konunnar í klúbbnum. Síðan þá hef ég alltaf verið í embætti og oft í fleirum en einu í einu. Ég hef ekki lengur tölu á þeim embættunum í klúbbnum og hjá Landssambandinu sem ég hef gegnt. Hjá Evrópusambandinu hef ég verið 1. varaforseti, tvisvar sinnum fjárhagsstjóri, núna er ég ritari og frá 1. október næstkomandi verð ég í embætti sem verðandi forseti í tvö ár, síðan verð ég forseti í tvö ár og loks fráfarandi forseti í tvö ár. Hjá Alþjóðasambandinu hef ég verið í hinum ýmsum nefndum og sem aðstoðarverkefnisstjóri þar sem ég bar ábyrgð á forsetaverkefninu „Women, Water & Leadership“ á árunum 2017-2019. Sem verðandi forseti Evrópusambandsins mun ég sitja í stjórn Alþjóðasambandsins.“

Er eitthvert þessara embætta sem stendur upp úr sem mest krefjandi og/eða skemmtilegast? „Það var mest krefjandi að

vinna við forsetaverkefnið því þar var ég ekki á heimavelli, en eins og venjulega þegar eitthvað er sérlega krefjandi þá er það einnig mest gefandi. Sem ritari Evrópusambandsins þarf ég að vinna mjög mikið, bæði með forseta og skrifstofunni okkar í Genf. Mér reiknast til að sú vinna sem ég legg af mörkum sé yfir 50% starfshlutfall.“

Þú bauðst þig fram til embættis forseta Evrópusambandsins fyrir nokkrum árum og tapaðir þeirri kosningu. Hvernig lagðist það í þig? „Auðvitað eru það alltaf vonbrigði þegar maður

gefur kost á sér en er ekki kosinn, en það er ekki höfnun. Það á aldrei að gefast upp ef maður brennur fyrir einhverju eða hefur löngun til að takast á við einhver verkefni, það ómögulega tekur bara aðeins lengri tíma! Það lagðist ekki illa í mig að lúta í lægra haldi fyrir þeirri sem vann. Ég taldi að sú sem hlaut kosningu yrði góð sem forseti svo ég hafði engar áhyggjur af samtökunum. Ég var ekkert endilega að spá í að gefa kost á mér aftur í embætti hjá Evrópusambandinu, en ég var þrábeðin um að taka að mér hlutverk ritara sem hægri hönd forseta. Ég lét tilleiðast þó svo ég að hafi ekki lokið vinnu minni í forsetaverkefninu fyrr en ári eftir að ég tók við hlutverki ritara. Smám saman gerði ég mér grein fyrir þörfinni og hvað betur mætti fara hjá Evrópusambandinu. Því tók ég ákvörðun um að gefa aftur kost á mér sem forseti. Ég hlakka til að takast á við verkefnið, en minn fókus veður á samvinnu á milli Evrópusambandsins og Landssambanda. Evrópusambandið getur lagt línurnar og sett stefnuna en vinnan fer fram hjá Landssamböndum. Þar



vinna konur í klúbbum í verkefnum sem stuðla að valdeflingu kvenna og eru hin raunverulega rödd okkar. Evrópusambandið er svo rödd okkar hjá hinum ýmsu stofnunum og félögum í Evrópu.“

Þú hefur verið dugleg að sækja ráðstefnur og fundi í útlöndum. Hver var fyrsta ferðin þín? „Fyrsta ferðin sem ég fór var í október 1990 þegar mamma vígði nýjan klúbb í Wuppertal í Þýskalandi. Sjálf hef ég svo vígt tvo klúbba í Þýskalandi og einn á Ítalíu. Næsta ferð var til Ghana, þar sem við vorum fjórar sem slógumst í för með Soroptimistum frá Lúxemburg til að fagna 10 ára afmæli Accra klúbbsins og vígslu á nýjum klúbbi í Accra. Þetta var í fyrsta skipti sem ég kom til Afríku, en síðan þá hef ég farið fimm sinnum til Afríku. Ferðin hafði djúp áhrif á mig. Þarna sá ég bæði mikla fátækt, en líka mikla fegurð og gleði. Önnur sérlega minnisstæð ferð var þegar 10 ár voru liðin frá þjóðarmorðunum í Rúanda og Soroptimistar héldu fyrsta alþjóðlega friðarmarabonið þar. Með mér til Rúanda ferðuðust átta aðrir Soroptimistar, makar og tveir marabonhlauparar kostaðir af mér, alls vorum við 18. Það var ótrúlegt að upplifa það sem konur í Rúanda höfðu gengið í gegnum og sjá hvað verið var að gera til að byggja aftur upp þjóðfélagið.

Ég hef ferðast um allan heim, mest í embættiserindum, en einnig sem óbreytt til að taka þátt í bæði Evrópusambands- og alþjóðaráðstefnum. Þá hef ég oft farið á Norræna vinadaga. Ég hef ekki tölu yfir allar ferðirnar, en í gegnum þær hef ég eignast mjög góðar vinkonur sem ég er reglulega í sambandi við og hitti oft bæði hér og í þeirra heimalandi. Vegna hins stóra alþjóðlega tengslanets sem ég hef, þá er mjög oft haft samband við mig þegar Soroptimistar eru á ferð til Íslands og tek ég reglulega á móti þeim og sýni þeim höfuðborgina og Bessastaði.“

Ofurkonan Hafdís hlýtur að hafa haft gott bakland heima fyrir. Hvernig eru þínir fjölskylduhagir? „Ég stend klárlega ekki ein! Ég hef verið gift Jóhanni Árnasyni í 46 ár. Við eigum tvo syni og sex barnabörn, að ógleymdum mömmu minni og pabba. Ég get ávallt leitað til þeirra allra og fengið þann stuðning sem ég þarf. Ef mig vantar einhverjar upplýsingar um Soroptimista þá fletti ég upp í mömmu og hún gefur mér allar staðreyndir um fyrirspurnina og meira en ég bað um.“



Alheimspingid í Istanbul þar sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var einn fyrirlesara.

Hefur þú tíma fyrir önnur áhugamál? „Já, ég stunda reglulega líkamsrækt og fer í golf en fer allt of sjaldan á tónleika.“

Horfir þú á sjónvarp? „Já, en ekki mikið, en stundum er gott að láta mata sig og slappa af.“

Ertu skoðanastór? „Já!“

Að lokum óska Fregnir þér Hafdís og okkur öllum til hamingju með 100 ára afmæli samtakanna.



Ég hitti Anotonio Guterres aðalritara Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári ásamt fulltrúum frá EWL (European Women's Lobby).



Rúanda, færðum skóla sem Soroptimistar reka gjafir frá Íslandi. 2005.



Leiðtoganámskeið

Natalia Wojdat

Háskólanemi við UMCS háskólann í Póllandi

Ég heiti Natalia Wojdat og er háskólanemi við UMCS háskólann í Póllandi, þar sem ég er að læra hagnýt tungumál og stefni á að verða túlkur. Dagana 5. til 10. júlí 2021 fór fram Leadership Academy sem ég fékk að taka þátt í, þökk sé Ellen sem bauð mér þetta frábæra tækifæri. Um leið og ég kynnti mér þetta nánar vissi ég að þetta væri eitthvað sem ég myndi hafa gaman af. Þetta var í fyrsta sinn sem ég heyrði af Soroptimistum, en um leið og ég byrjaði að lesa mér meira til um samtökin, því sannfærðari var ég um að þetta væri hópur af frábærum konum og að ég vildi taka þátt í því sem þær voru að skipuleggja. Ég varð ekki fyrir neinum vonbrigðum og námskeiðið stóðst allar mínar væntingar.

Leiðtoganámskeiðið í ár var haldið af tyrkneskum Soroptimistum og fór að þessu sinni alfarið fram á netinu þar sem ástandið í heiminum leyfði ekki annað.

Dagskráin var með þeim hætti að við byrjuðum okkar daga á jóga með Dilşen Oktay Ertem sem leiddi til þess að allir fóru tilbúnir og afslappaðir inn í verkefni dagsins. Eftir jógað og morgunmatspásu var svo kominn tími á fyrsta fyrirlestur dagsins.

Á mánudeginum var fyrsti fyrirlesarinn Ulla Elisabeth Madsen, hún kynnti fyrir okkur sögu Soroptimista, hvernig allt byrjaði og hvernig starfið heldur áfram núna 100 árum seinna.

Annar fyrirlesari dagsins var svo Anna Wszelaczyńska, forseti Soroptimistasambands Evrópu. Hún talaði af mikilli ástríðu og fyllti okkur af góðri orku fyrir komandi viku. Hún talaði um hvernig hún sjálf komst svona langt á sínum ferli

og hvað við getum gert til að ná því besta fram hjá okkur sjálfum. Hún nefndi m.a. að læra mannleg samskipti, að gefast ekki upp við mótlæti og að treysta okkar innri rödd sem leiðir okkur áfram.

Síðasti fyrirlestur dagsins var síðan frá Ingeborg Dietz. Hún kynnti okkur aðeins fyrir verkefnum sem Soroptimistar hafa tekið að sér og hvernig unnið er að þeim.

Á þriðjudeginum var fyrsti fyrirlesarinn Defne Erdur Rabuel. Hennar fyrirlestur var einn af mínum uppáhalds en aðalumræðuefnið var um hvernig við getum verið ákveðnar og staðið á okkar án þess að særa aðra. Hún talaði um mikilvægi þess að læra að segja NEI en líka um hvernig við tökum því þegar aðrir segja NEI við okkur. Við gerðum stutt verkefni þar sem við áttum að hlusta á líkamann okkar og sjá hvernig hann bregst við því þegar við heyrum NEI. Einnig talaði hún um mikilvægi þess að setja okkar eigin mörk og virða mörk annarra. Þessi fyrirlestur opnaði augu mín algjörlega fyrir því að það er ekkert að því að segja NEI við fólk, það er bara gott að vita hvernig við getum gert það án þess að særa.

Næst á dagskrá var fyrirlestur frá Hafdísí Karlsdóttur. Fyrst fengum við kynningu á því hvernig fyrirtæki mæla árangur og síðan var komið að okkur að prófa. Okkur var skipt í hópa og áttum við að ákveða okkar markmið og skrá hvaða skref við ætluðum að taka til að ná markmiðinu en einnig hvernig við getum mælt árangurinn. Það var margt í þessum fyrirlestri sem ég tek með mér út í lífið. Þarna sáum við svart á hvítu að það næst mun betri árangur með því að setja sér lítil markmið og sjá hversu langt við erum

komin frekar en að plana ekki og giska á hvernig okkur gengur án þess að hafa mælieiningu á því.

Síðasti fyrirlestur dagsins var svo frá Anil Friedman. Anil talaði um tilfinningagreind. Við fórum yfir mikilvægi þess að þekkja okkar eigin tilfinningar og hvernig við komum fram við aðra. Einnig var talað um muninn á greindarvísitölu (IQ) og tilfinningagreind (EI).

Miðvikudagurinn byrjaði aftur með jóga og morgunmat og svo hófst fyrsti fyrirlestur dagsins.

Þar talaði Gülsün Zeytinoğlu um hvernig við myndum tengsl við aðra. Hún nefndi mjög mikilvæga punkta, til dæmis að það er aldrei hægt að vera 100% sammála annarri manneskju og í raun er nóg að vera sammála um 20% til að ná saman, 70% er fullkomið.

Annar punktur sem ég tók til mín er að það sýnir meiri styrk að ná að stjórna sjálfum sér en öðrum. Einnig var fjallað um hvernig orðaval okkar hefur áhrif á fólk sem við tölum við, m.a. það að alhæfa og nota orð eins og ALLTAF og ALDREI, þetta eru stór orð sem við notum oft án þess að hugsa það til enda.

Á miðvikudeginum var einnig farið yfir fjármál með Carolien Demey og stjórnun á tímum Covid-19 með Yeldu Ulu Colin.

Fimmtudagurinn byrjaði á því að Anil útskýrði fyrir okkur hópverkefnið sem við áttum að kynna á síðasta degi. Okkur var skipt niður í fjóra sex manna hópa og hver hópur fékk eitt viðfangsefni. Viðfangsefnin fjögur voru: Kynjajafnrétti, umhverfismál, glerþak og mismun kvenna við ákvarðanatöku. Við fengum leiðbeiningar um hvernig við ættum að vinna verkefnið, hversu löng kynningin ætti að vera og hvernig væri best að byrja. Þá fengum við einnig tíma til að vinna verkefnið og var Anil alltaf tilbúin að hjálpa okkur.

Hinir tveir fyrirlestrarnir á fimmtudeginum voru frá Mariu Luisu Frosio og Ayçu Bolten Ülkü.

Maria talaði um leiðtogahæfileika og hvernig er best að ná árangri í leiðtogahlutverki.

Fyrirlesturinn frá Ayçu var hins vegar um þrautseigju og hvernig er best að ná stjórn á stressi. Hún talaði um hversu mikilvægt það er að kunna að stjórna tilfinningum sínum og ekki leyfa þeim að taka yfir, sér í lagi þegar stressandi aðstæður koma upp.

Föstudagurinn byrjaði með Rhondu L. Bowen. Fyrst talaði hún við okkur um mikilvægi þess að spyrja okkur sjálf



spurninga til að fá betra yfirlit um það hvar við stöndum í lífinu en einnig hvað við getum gert til að komast lengra. Síðan gaf hún okkur 20 spurningar sem við fengum svo tíma til að svara í pörum og sjá sjónarhorn annarra. Spurningalistinn var alveg frábær og margar af spurningunum vöktu mann til umhugsunar.

Fyrirlestur númer tvö þann dag var frá Hülyu Aslantaş og fjallaði hún um hvað felst í því að vera frumkvöðull.

Elena Pinetti hélt síðasta fyrirlesturinn sem fjallaði um vísindi og hvað hún gerir sem vísindakona. Hún útskýrði í grófum dráttum það sem hún vinnur að í eðlisfræði og fór svo yfir það sem hún gerir með e-klúbbnum sínum á Ítalíu.

Laugardagurinn var síðasti dagurinn okkar saman. Við kynntum verkefnið okkar. Hópurinn sem ég var í fjallaði um umhverfismál og við ákváðum að taka fyrir vandamál sem okkur fannst mikilvægt, sem var matarsóun í heiminum.

Eftir allar kynningar var tími fyrir okkur til að segja okkar skoðun á námskeiðinu og þakka fyrir okkur. Síðan fengum við mikla hvatningu í ræðum frá konum eins og Nilgun Pakkan og Anna Wszelaczyńska. Við gátum spurt þær spurninga og fengið að tala við þær.

Í lokin voru gefnar út viðurkenningar fyrir þátttöku.

Inn á milli fyrirlestra, einu sinni á dag var einnig sýnt myndband frá konum sem hafa náð miklum árangri í sínum greinum. Þessi stuttu myndbönd voru mjög hvetjandi og sýndu okkur það að konur geta gert allt í öllum greinum lífsins.

KONUR FYRIR KONUR

Stiklur úr starfsemi Keflavíkurklúbbs

Vorið 2019 fóru Keflavíkursystur í verkefnavinnu til að kanna hvert klúbburinn vildi stefna innan verkefnakjarna Soroptimista og hvaða útfærslur við sæjum fyrir okkur innan þess kjarna sem einblínt skyldi á næstu starfsár. Vinnunni stjórnaði Hallveig Fróðadóttir verkefnastjóri og naut hún aðstoðar stjórnar. Undirrituð var þá varaformaður í stjórn sem Súsanna Björg Fróðadóttir fór fyrir.

Við hófum vinnuna með verkefnafundi þar sem systur drógu miða og röðuðu sér í framhaldi niður á borð. Þannig vildi framkvæmdastjórnin ná sem fjölbreyttasta hópi á hvert borð. Mesti áhugi systra var að sporna gegn kynbundnu ofbeldi og tvinna saman við það valdeflingu kvenna, því trú systra er að efling og styrking kvenna geti opnað leið úr viðjum ofbeldissambanda og annarra erfiðra aðstæðna. Nú þegar formannstíð minni er að ljúka og ég lít yfir farinn veg get ég ekki annað en verið stolt af vinnu systra í Keflavíkurklúbbi á undanförunum starfsvetrum og voru þeir tveir síðustu býsna krefjandi.

Af þeim mörgu hugmyndum sem systur settu niður á blað lögðum við í fyrstu áherslu á að fræðast um aðstæður stúlkna og kvenna og úrræði sem standa til boða og horfa þá til þess hvernig klúbburinn gæti stutt þær til eflingar. Súsanna Björg Fróðadóttir, aðstoðarsaksóknari hjá Lögreglunni á Suðurnesjum, fór yfir ofbeldismál í umdæmi lögreglunnar. Díana Hilmarsdóttir, forstöðumaður Bjargarinnar, Geðræktarmiðstöðvar Suðurnesja, sagði frá starfsemi stöðvarinnar, kynjasamsetningu og úrræðum og klúbburinn færði forstöðumanni styrk. Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmeningarmála hjá Reykjanesbæ, ræddi um aðstæður kvenna af erlendum uppruna og þörf þeirra fyrir að tilheyra. Jóhanna Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri Frú Ragnheiðar á Suðurnesjum, kynnti starfsemi skaðaminnkunarverkefnisins en þjónustan er nú

Jóhanna Sigurbjörnsdóttir verkefnastjóri kynnti starfsemi Frú Ragnheiðar á klúbbfundum í maí 2020.

Ljós. Svanhildur Eiríksdóttir.



Sigurjón Héðinsson bakari studdi við bakið á verkefninu Roðagyllum heiminn og styrkti um leið Velferðarsjóð Suðurnesja. Hér „borða“ Svanhildur formaður og Guðrún Antonsdóttir verkefnastjóri með Sigurjóni snúða með appelsínugulu kremi. Ljós. Víkurfréttir.

veitt á Suðurnesjum í gegnum Rauða kross deild svæðisins. Eftir kynninguna færði klúbburinn Frú Ragnheiði styrk. Við fengum líka reynslusögu ungrar stúlku sem hlaut skaða eftir skyndileg og ófyrirséð veikindi, en klúbburinn ákvað að styðja við bakið á stúlkunni og fjölskyldu hennar svo að sú efling sem þá var hafin gæti haldið áfram.

Síðastliðið vor styrkti klúbburinn tvær ungar konur til áframhaldandi náms en báðar voru þær að feta menntaveginum með það að markmiði að efla sig og styrkja en ekki síður til að brjótast úr erfiðum aðstæðum. Á komandi hausti er stefnt að því að bjóða ungu stúlkum upp á sjálfstyrkingarnámskeið undir leiðsögn og umsjón félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima, en klúbburinn hlaut styrk úr samfélagssjóði Krónunnar til framkvæmdarinnar.

Þá er ótalin þátttaka systra í verkefninu Roðagyllum heiminn sem sannarlega hefur vakið athygli og vekur von um að hægt verði að uppræta kynbundið ofbeldi. Við höfum fengið fyrirtæki og stofnanir til að lýsa upp byggingar sínar, selt appelsínugular og ilmandi handsápur til fjáröflunar og fengið bakara í lið með okkur sem seldi snúða og kleinhringi með appelsínugulu kremi til styrktar Velferðarsjóði Suðurnesja, en sjóðurinn styður við bakið á efnaminni fjölskyldum á svæðinu.

Ég sendi Soroptimistum hlýjar kveðjur í vetrarbyrjun í von um að starfsemi klúbbanna verði sem blómlegust á komandi vetri.

Svanhildur Eiríksdóttir

Formaður Soroptimistaklúbbs Keflavíkur



Díana Hilmarsdóttir, forstöðumaður Bjargarinnar, hélt erindi á klúbbfundum en Keflavíkurklúbbur hefur lengi stutt við bakið á starfsemi Bjargarinnar. Ljós. Svanhildur Eiríksdóttir.

Í röð frá vinstri: Elísabet, Stella
Natalía, Sigurdís, Sigríður
Svanhvít, Guðrún Sif, Rán, Einar
Jökull og Sigurður Ingvar



Styrkur

Soroptimistaklúbbur Suðurlands fékk nú fyrir skemmstu aldeils góða heimsókn þar sem honum var afhent peningaupphæð frá nokkrum börnum og sögðust þau vilja styrkja Sigurhæðir.

Að Ásamýri í Flóahreppi hefur undanfarin sumur verið haldin svokölluð Ásamýrarhátíð þar sem fjölskyldan þaðan og nokkrir vinir hafa komið saman. Sú hefð hefur skapast að börnin í fjölskyldunni reki sjoppu yfir hátíðina þar sem þau selja góðgæti sem þau hafa búið til sjálf. Í ár voru til sölu súkkulaðihúðuð jarðarber, kókoskúlur, safi, möffins og ávaxtaspjót, ásamt ýmsu öðru. Í þetta sinn ákváðu börnin að allur ágóði af sölunni skyldi renna til Sigurhæða, sem er úrræði fyrir konur á Suðurlandi sem hafa verið beittar ofbeldi. Hafa börnin þegar afhent Sigurhæðum á fimmtánda þúsund krónur. Sigurhæðir færa þessum frábæru börnum innilegar þakkir þetta mikilvæga framlag.

Brynhildur Geirsdóttir

Formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands



Sigurdís Þorbjörnsdóttir sem á heima í Ásamýri afhendir Brynhildi formanni peningaupphæð kr. 14.194.

